



## HAFNARFJÖRÐUR

Stálskip ehf.  
Trönuhrauni 6  
Hafnarfirði

Hafnarfirði, 7. maí 2014  
1401444

Efni: Forkaupsréttur vegna skipa- og aflaheimilda

Eins og áður hefur komið fram telur Hafnarfjarðarkaupstaður að við sölu á skipinu Þór HF-4 úr sveitarfélaginu hefði átt, í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, að bjóða bæjarfélaginu skriflega að ganga inn í kaupin.

Það var ekki gert heldur aðeins tilkynnt um að kaupin væru um garð gengin og jafnframt að aflaheimildir hefðu verið fluttar úr bæjarfélaginu.

Þetta gengur gegn skýru orðlagi tilvitnaðs lagaákvæðis. Það hefur nú verið staðfest með dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli Vestmannaeyjabæjar gegn Q44 ehf. og Síldarvinnslunni hf., sem kveðinn var upp 6. maí sl.

Er hér með skorað á Stálskip ehf. að láta Hafnarfjarðarkaupstað nú þegar, eða í síðasta lagi innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa, í té afrit af kaupsamningum um skipið Þór Hf-4 og um þær aflaheimildir sem framseldar voru. Liggur nú þegar fyrir viðurkenning Fiskistofu á því að ekki hafi verið unnið í samræmi við lagafyrirmæli varðandi framsal aflaheimilda.

Rétt er að nefna að í tilgreindum dómi héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að virða verði vafa um efni samnings stefnanda (Vestmannaeyjabæ) í vil þar sem stefndu lögðu ekki fram samninginn. Því ætti það að vera Stálskipum til hagsbóta að leggja samning/samninga fyrir svo unnt sé að kynna sér efnið.

Rétt er að benda á samþykkt bæjarráðs Hafnarfjarðar frá 10.04.2014 þar sem bærarstjóra er falið að gera ráðstafanir til að virkja forkaupsrétt Hafnarfjarðar í samræmi við 5. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006.

Virðingarfyllt,

  
Guðrún Águsta Guðmundsdóttir,  
bærarstjóri